



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 10. desember 2024
23111688/103.03 JVK

Efni: Tillaga að breyttu verklagi á viðmiði vísitölu.

Lagt er til að samþykktar verði uppfærðar tíðni og viðmiðunartölur vegna uppreiknings á gjaldskrá, m.t.t. samþykktar bæjarráðs frá 6.júlí 2023. Fyrri tíðni og viðmiðunartölur voru lagðar fram í bæjarráði undir lið 4. í [fundargerð](#) samhliða [tillögu](#). Breyting á tíðni gjaldskrárbreytinga á við um þjónustu sem innheimt er einu sinni á önn, sbr. gjaldskrár fyrir skólahljómsveit og íþróttamannvirki og breytist gjaldskrá því tvisvar sinnum á ári en ekki fjórum sinnum.

Breyting verður á vísitölu viðmiði vegna fæðisgjalda sem framvegis miðast við undirvísitölu neysluverð vegna matar (011) í stað mótuneytis (1112). Undirvísitala matar endurspeglar verðbreytingar á hráefniskostnaði en undirvísitala neysluverðs vegna mótuneyta endurspeglar verðþróun á úrtaki hagstofu á gjaldskrár mótuneyta.

Undirvísitala matar endurspeglar því betur þróun á undirliggjandi hráefniskostnaði kostnaði mótuneyta.

Gjaldskrár menntasviðs:

Gjaldskrár	Tíðni uppfærslu	Vísitölu tenging
Leikskólagjöld	-	-
Dvalargjald	4 sinnum á ári	Launavísitala
Fæðisgjald	4 sinnum á ári	Vísitala matar
Gjaldskrá frístundar í grunnskólum		
Dvalargjald	4 sinnum á ári	Launavísitala
Matargjald	4 sinnum á ári	Vísitala matar
Frístundaklúbburinn Hrafninn		
Dvalargjald	4 sinnum á ári	Launavísitala
Matargjald	4 sinnum á ári	Vísitala matar
Gjaldskrár íþróttahúsa	2 sinnum á ári	Vísitala neysluverðs
Gjaldskrá knattspyrnuhallir	2 sinnum á ári	Vísitala neysluverðs
Gjaldskrá sérdeilda grunnskóla	2 sinnum á ári	Launavísitala
Gjaldskrá Skólahljómsveitar Kópavogs	2 sinnum á ári	Launavísitala
Gjaldskrá sundlauga	2 sinnum á ári	
Launakostnaður - Vægi 80%		Launavísitala
Annar rekstrarkostnaður - Vægi 20%		Vísitala neysluverðs



Gjaldskrár velferðarsviðs:

Gjaldskrár	Tíðni uppfærslu	Vísitölu tenging
Matur eldri borgara (heimsendur og í félagsmiðstöðvum)	4 sinnum á ári	Vísitala matar
Akstur með mat	4 sinnum á ári	
<i>Akstur - 35% vægi</i>		<i>Vísitala reksturs ökutækja</i>
<i>Launakostnaður - 65% vægi</i>		<i>Launavísitala</i>

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

